



Ársskýrsla 2013



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Yfirlit yfir starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2013.

Árið 2013 varð ekki síður viðburðaríkt í sögu Háskólans á Bifröst en önnur ár. Skólinn hefur verið í nokkurri varnarbaráttu, mátt þola ýmis konar andstreymi og nemendum hefur fækkað. Snemma árs var tekin sú mikilvæga ákvörðun að fella niður skólagjöld í frumgreinanámið en taka þess í stað upp mun lægra innritunargjald. Frumgreinanámið var jafnframt endurskipulagt með tilliti til námsskrár framhaldsskóla og fékk heitið Háskólagátt. Þessi breyting leiddi til mikillar fjölgunar nemenda og haustið 2013 hófu ríflega 170 nemendur nám í Háskólagáttinni og eru horfur á að a.m.k. 120 þeirra ljúki náminu á tilsettum tíma. Ákvörðunin um niðurfellingu skólagjalda var tekin eftir viðræður við þáverandi menntamálaráðherra um að ríkið kæmi til móts við skólann og greiddi hærri framlög til hans vegna þeirra. Málið fór í þann farveg að í aprílmánuði afgreiddi stýrihópur verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“ frá sér tillögu til ráðherra (með fulltingi hans) um að skólinn fengi allt að 17,5 millj. kr. viðbótargreiðslu á árinu 2013 á þeirri forsendu að sambærileg upphæð gæti svo komið á árinu 2014. Sami stýrihópur tók málið síðan upp á fundi í júnímánuði og breytti þá fyrri tillögu þannig að viðbótargreiðslan nemur nú 15 milljónum kr. fyrir allt skólaárið eða innan við helming þess sem lagt var upp með. Enginn áhugi er heldur hjá menntamálaráðuneytinu að ræða um viðbótargreiðslur í framtíðinni vegna niðurfellingar skólagjalda í Háskólagátt. Niðurfelling skólagjalda í Háskólagáttinni var fyrsta stóra tilraunin til að hefja nýja sókn eftir vörn undanfarinna ára. Ljóst er að ekki er hægt að hverfa til fyrra horfs með skólagjöld í Háskólagátt þótt skólinn hafi ekki bolmagn til að taka jafn lág innritunargjöld og haustið 2013.

Miklar breytingar urðu á yfirstjórn Háskólans á Bifröst á árinu 2013. Bryndís Hlöðversdóttir lét af störfum rektors í lok júní en Vilhjálmur Egilsson tók við. Bryndís tók við rektorsstarfinu í ársbyrjun 2011 og stýrði skólanum af mikilli þryði á erfiðleikatímum. Síðla árs 2010 fóru fram viðræður um sameiningu Háskólans á Bifröst við Háskólann í Reykjavík sem lauk með niðurstöðu um að Háskólinn á Bifröst yrði áfram sjálfstæður. En viðræðurnar sem slíkar sköpuðu ákveðna óvissu um framtíð skólans sem gerði varnarbaráttu hans ennþá erfiðari og störf Bryndísar þeim mun vandasamari. Háskólinn á Bifröst stendur í mikilli þakkarskuld við Bryndísi fyrir styrka stjórn hennar á skólanum.

Aðstoðarrekktor, Jón Ólafsson, lét líka af störfum síðsumars en hann hafði unnið með Bryndísi hennar rektorstíma. Jón leiddi akademískt starf skólans af mikill festu en undir hans forystu varð mikil endurskipulagning á kennslu og námsframboði til þess að ná utan um rekstrarkostnað skólans. Jóni eru þökkuð farsæl störf hans fyrir skólann. Við starfi aðstoðarrektors tók Anna Elísabet Ólafsdóttir. Hún hefur tekið við forystu fyrir akademísku starfi skólans og leitt frábært undirbúningsstarf við innleiðingu lotukennslu og gjörbreytingu á kennsluháttum sem taka mun gildi haustið 2014. Þetta hefur verið afar krefjandi vinna sem Anna og samstarfsfólk hennar hefur lagt mikla alúð í og mun færa Háskólann á Bifröst mörg skref inn í framtíðina.

Breytingar urðu á hlutverkaskipan allra sviðsstjóra Háskólans á Bifröst á árinu 2013. Sigurbjörn Einarsson lét af starfi sviðsstjóra viðskiptasviðs en við því tók Sigurður Ragnarsson sem hefur um langt skeið unnið fyrir Háskólann á Bifröst, m.a. um nokkurn tíma sem fastur kennari. Þórdís Sif Sigurðardóttir lét af störfum sem sviðsstjóri lögfræðisviðs en við starfi hennar tók Helga Kristín Auðunsdóttir sem hafði verið í fæðingarorlofi. Þá lét Eyja Margrét Brynjarsdóttir af störfum

sviðsstjóra félagsvísindasviðs sem hún hafði gegnt tímabundið en við tók Páll Rafnar Þorsteinsson en hann kemur nú að Háskólanum á Bifröst í fyrsta sinn.


Þá urðu ennfremur ýmsar breytingar á skrifstofu skólans. Signý Óskarsdóttir lét af störfum framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu en við hennar starfi tók Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir sem jafnframt veitir Háskólagáttinni forstöðu. Ólafur Ísleifsson var ráðinn framkvæmdastjóri gæðamála og sinnir því ásamt rannsóknnum við skólann. Stefán Sveinbjörnsson lét af störfum fjármála- og rekstrarstjóra en Þorvaldur T. Jónsson tók við starfi hans. Geirlaug Jóhannsdóttir lét (tímabundið) af starfi forstöðumanns símenntunar en Magnús Smári Snorrason tók við starfi hennar. Brynjar Þór Þorsteinsson tók við starfi markaðsstjóra af Davíð Þorsteini Olgeirssyni, sem lenti óvænt í miklum veikindum en annast nú umsjón með vefsíðu skólans. Karl Eiríksson hóf störf á árinu sem alþjóðafulltrúi. Margrét Vagnsdóttir hóf störf á húsnæðissviði.

Öllu því fólki sem lauk störfum á árinu eru þökkuð farsæl störf fyrir Háskólann á Bifröst og nýtt fólk boðið velkomið til starfa. Óhætt er að segja að miklar breytingar hafa orðið á starfslíði skólans á alla mælikvarða.

Starfið innan Háskólans á Bifröst síðari hluta ársins 2013 einkenndist annars vegar af hefðbundnu skólastarfi en hins vegar af skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd nýrra sóknaraðgerða fyrir skólann. Skólinn hefur einsett sér að snúa vörn í sókn. Greiðslur ríkisins til skólans lækka um 80 milljónir kr. milli árana 2013 og 2014 auk þess sem ekki var staðið við gefin fyrirheit vegna viðbótarframlaga til Háskólagáttarinnar. Rannsóknastofnun atvinnulífsins tók til starfa en hún fór af stað með myndarlegu framlagi Samtaka atvinnulífsins. Fyrstu rannsóknarverkefnin á vegum stofnunarinnar sem komust í gang eru rannsókn á skattsvikum í ferðaþjónustu og rannsókn á sambandi erlendra fjárfestinga og pólitíks stöðugleika. Tvö önnur rannsóknarverkefni eru í gangi, á nýju kjarasamningalíkani og Ísland 2060. Háskólinn á Bifröst tók að sér að stýra sérstöku tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi. Það er fjármagnað af ríkinu í gegnum verkefnið „Nám er vinnandi vegur“ á vegum Menntamálaráðuneytisins. Geirlaug Jóhannsdóttir er verkefnisstjóri verkefnisins. Ferðaþjónusta á vegum Háskólans á Bifröst, þ.e. kaffihús og hótél, hefur verið rekin með halla sem ekki er ásætlanlegt. Aðgerðir hafa verið í gangi til að snúa tapi í hagnað. Breytingin á kennsluháttum sem felst í lotukennslu og samhliða kennslu í staðnámi og fjarnámi bætir ekki aðeins þjónustu við nemendur heldur dregur úr sóun í rekstri.

Stærsta einstaka sóknaraðgerðin fyrir Háskólann á Bifröst snýr að fjölgun nemenda við skólann. Með niðurfellingu skólagjalda í Háskólagáttina var fyrsta skrefið stigið. Á síðari hluta ársins hefur verið unnið að undirbúningi nýs náms í matvælaekstrarfræði sem er viðskiptafræði með áherslu á rekstur fyrirtækja sem vinna með matvæli. Það nám er skipulagt í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ennfremur hafa nýjar meistaranámslínur verið undirbúnar, alþjóðleg stjórnmalahagfræði, forysta og stjórnun auk sérstakts náms fyrir stjórnendur menntastofnana. Með hinum nýju námsbrautum eru skapaðar betri forsendur fyrir fjölgun nemenda í Háskólanum á Bifröst.

Háskólinn á Bifröst hefur aukin heldur gert átak í að tengjast betur samfélaginu í Borgarfirði og reyndar á Vesturlandi öllu. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi styrktu skólann sérstaklega til að auka tengsl skólans við atvinnulífið og Háskólinn á Bifröst ákvað í framhaldinu að bjóða minni og meðalstórum fyrirtækjum að gera rekstraráætlanir fyrir þau. Það verkefni fór af stað haustið 2013 með þátttöku 27 fyrirtækja og verður afar mikilvægt til þess að efla tengsl skólans við atvinnulífið á Vesturlandi ef vel tekst til. Verkefnið er í þróun og þarf a.m.k. tveggja ára reynslu- og mótunartíma til að sanna sig.



Rekstur Háskólans á Bifröst er þungur eftir langa varnarbaráttu. Staðan er sú að ekki verður lengra komist í undanhaldi og ný sókn er eina leiðin fyrir skólann. Sú sókn hófst á árinu 2013. Margar góðar hugmyndir hafa verið settar fram og metnaðurinn innan skólans er einlægur og sterkur. Sóknaraðgerðir eru settar af stað eftir því sem geta starfsliðs skólans framast leyfir en Háskólinn á Bifröst er ennþá lítil stofnun sem þarf að forgangsraða rétt og velja þau verkefni sem líklegust eru til að skila skólanum áfram miðað við tíma og mannskap. Góðar hugmyndir eru geymdar en ekki gleymdar og fá að þroskast og batna áður en þær verða að nýjum verkefnum til að vinna úr. Það er mikill hugur í starfsliði Háskólans á Bifröst og sannur heiður að vera með því í liði.

Öllum sem starfað hafa fyrir Háskólann á Bifröst, nemendum, stjórn, fulltrúaráði og hollvinum eru færðar þakkir fyrir vinnu sína í þágu skólans og góðan hug til hans.

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Aðalfundur 2012

Aðalfundur Háskólans á Bifröst, vegna starfsársins 2012, var haldinn í hátíðarsal skólans miðvikudaginn 15. maí 2013. Bryndís Hlökkversdóttir, þáverandi rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi háskólans á árinu 2012. Ársreikningur 2012 var lagður fram til tilkynningar og samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarfélaganna Háskólans á Bifröst 2012. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir árin 2013-2015 var kynnt. Breytingar voru gerðar á skipulagsskrá Háskólans á Bifröst þar sem nafni skólans var m.a. breytt úr „Háskólinn Bifröst“ í „Háskólinn á Bifröst“. Kosning fór fram á löggildum endurskoðanda auk kjörs í stjórn og fulltrúaráð skólans.

Lotukennsla og breyttir kennsluhættir.

Á haustmánuðum var haldinn stefnumótunarfundur á viðskiptasviði Háskólans á Bifröst. Á þessum fundi komu fram margar áhugaverðar hugmyndir. Ein þeirra var hvort heppilegt væri að kenna allar námslínur í sex til sjö vikna lotum, jafnt í staðnámi sem fjarnámi. Hugmyndin var tekin lengra og eftir ýtarlega skoðun á málinu ákvað yfirstjórn skólans að hefjast handa við undirbúning lotubundinnar kennslu við allan háskólann frá og með hausti 2014. Síðari hluta ársins 2013 fór því mikill tími í undirbúning lotukennslufyrirkomulags. Að baki liggur mikil vinna margra samhentra starfsmanna, enda þurfti að samræma námslínur stað- og fjarnáms og flétta saman námslínur sviðanna þar sem einstaka námsgreinar verða kennda á öllum sviðum, t.d. námsgreinin „Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana“.

Frá og með hausti 2014 verður allt nám kennt yfir sex vikna tímabil en sjöunda vika verður prófavika. Nemendur einbeita sér þannig að tveimur námsgreinum í senn yfir sjö vikur en auk þess taka þau þriðju námsgreinina sem nær yfir 14 vikna tímabil. Þær námsgreinar sem ná yfir 14 vikur eru tormeltari námsgreinar sem krefjast lengri „meltingartíma“. Lotukennslufyrirkomulaginu fylgja breyttar áherslur í kennsluháttum þar sem allir hefðbundnir fyrirlestrar verða nú teknir upp og settir á innranet skólans, s.k. vendikennsla. Nemendur, hvort heldur í staðnámi eða fjarnámi nálgast fyrirlestra kennara fyrir kennslustund og hlusta á fyrirlesturinn heima. Þannig mun kennslustund nýtast betur til þess að dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu með umræðum og verkefnavinnu. Þetta gefur bæði kennurum og nemendum tækifæri til að staldra lengur við flókin viðfangsefni allt eftir þörfum nemenda hverju sinni. Í nýju kennslufyrirkomulagi verður því auðveldara fyrir nemendur að einbeita sér að fáum námsgreinum og auðveldara fyrir skólann að jafna álag á nemendur yfir kennslutímabilið. Bifröst mun halda áfram að leggja áherslu á verkefnavinnu meðal nemenda, m.a. misserisverkefni og að tengja þau við raunverkefni samfélagsins. Misserisverkefni verða nú tengd við kennslu í verkefnastjórnun og nemendur fá markvissa handleiðslu á meðan á verkefninu stendur en það spannar níu vikur á sumarönn. Námsaðferðin sem beitt er við misserisverkefni er byggð á aðferðafræði sem kallast Learning by Developing (LbD). LbD byggir á því að nemendur vinna sjálfstætt að verkefnunum og byggja þannig upp reynslu sem nýtist þeim og samfélaginu vel. Nemendur hafa mikil áhrif á það hvernig verkefni eru skilgreind og hvernig þau þróast, og vinna í samstarfi við kennara og aðila utan skólans eftir því sem við á. Þessi aðferðafræði gefur nemendum m.a. kost á því að flétta saman og beita aðferðum og þekkingu sem þeir hafa aflað sér á fleiri en einu sviði.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Háskólaráð er æðsta vald í innri málefnum háskólans samkvæmt reglugerð. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara.

Þeir sem tilnefna í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst eru: Borgarbyggð, Háskólaráð Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver þessara aðila tilnefnir þrjá fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði árið 2013 sátu eftirtaldir fulltrúar sem kosnir voru á aðalfundi 30. maí 2012:

Frá Borgarbyggð:

Erla Stefánsdóttir
Jónína Erna Arnardóttir
Ragnar Frank Kristjánsson
Varafulltrúi: Jóhannes Freyr Stefánsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Viðar Þorsteinsson
Óli H. Þórðarson
Sigrún Jóhannesdóttir
Varafulltrúi: Hlédís Sveinsdóttir

Frá Háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Sigrún Lilja Einarsdóttir
Íris Hauksdóttir
Brynjar Þór Þorsteinsson
Varafulltrúi: Þórir Páll Guðjónsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Birna Bjarnadóttir
Ólafur Sigmarsson
Skúli Skúlason
Varafulltrúi: Þorvaldur T. Jónsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Vilmundur Jósefsson
Guðrún Eyjólfsdóttir
Varafulltrúi: Hrafnhildur Stefánsdóttir



Háskólastjórn

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum til nefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, Háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

Stjórn Háskólans á Bifröst

Frá Borgarbyggð:

Aðalmaður: Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri

Varamaður: Sigríður G. Bjarnadóttir, bókari

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalmaður: Leifur Runólfsson, lögmaður

Varamaður: Hörður Harðarsson

Frá Háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalmaður: Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent og héraðsdómari

Varamaður: Ingibjörg Ingvadóttir, hdl. og lektor

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalmaður: Guðsteinn Einarsson, formaður, kaupfélagsstjóri KB

Varamaður: Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalmaður: Marteinn Jónsson, viðskiptafræðingur

Varamaður: Halldór Árnason, hagfræðingur

Háskólaráð

Háskólaráð er æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins. Þar sitja rektor, aðstoðarrektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrír fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefnir, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrír nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda frumgreinadeildar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum. Framkvæmdastjóri rekstrar og fjármála og fulltrúi

hagsmunasamtaka íbúa eru með seturétt í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Skólaárið 2012-2013 sátu í háskólaráði:

Bryndís Hlöðversdóttir, rektor
Jón Ólafsson, aðstoðarrektor
Signý Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu
María Einarsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Guðmundur Ólafsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Aagot V. Óskarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Jón Freyr Jóhannsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Lee Ann Maginnis, fulltrúi meistaranema
Hallur Jónasson, fulltrúi nemenda í grunnnámi
Andri Björgvin Arnþórsson, fulltrúi nemenda í grunnnámi
Ollý Björk Ólafsdóttir, fulltrúi nemenda í grunnnámi
Viktor Freyr Elísson, fulltrúi frumgreinanema

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri rekstrar og fjármála og Jón Ingi Cecilsson formaður íbúaráðs áttu jafnframt seturétt á fundum háskólaráðs.

Skólaárið 2013 – 2014 sátu í háskólaráði:

Vilhjálmur Egilsson, rektor
Anna Elísabet Ólafsdóttir, aðstoðarrektor
Signý Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu
María Einarsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Guðmundur Ólafsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Jón Freyr Jóhannsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Andrea Valgeirsdóttir, fulltrúi meistaranema
Tinna Jóhannsdóttir, fulltrúi nemenda í grunnnámi
Þórunn Unnur Birgisdóttir, fulltrúi nemenda í grunnnámi
Sigtryggur Arnþórsson, fulltrúi nemenda í grunnnámi
Guðjón Freyr Gunnarsson, fulltrúi Háskólagáttarnema

Þorvaldur Jónsson framkvæmdastjóri rekstrar og fjármála og Jón Ingi Smáráson formaður íbúaráðs áttu jafnframt seturétt á fundum háskólaráðs.

Gæðaráð

Háskólaráð kýs árlega á fyrsta fundi háskólaársins sérstakt gæðaráð. Í því sitja þrjú fulltrúar nemenda, kjörnir af nemendum og þrjú fulltrúar kennara, tilnefndir af kennarafundi, ásamt formanni sem tilnefndur er af rektor. Jafnframt starfar gæðastjóri með ráðinu, hann skipuleggur fundi þess í samráði við formann og ritar fundargerðir þess.

Fulltrúar í gæðaráði til september 2013:

Stefán Kalmansson, formaður, fulltrúar kennara voru Kári Joensen, Þórir Páll Guðjónsson og Maj Britt

Hjördís Briem. Fulltrúar nemenda voru Berglind Ósk Gísladóttir, Ívar Örn Þráinsson og Ragnheiður Ásta Birgisdóttir.

Fulltrúar í gæðaráði frá september 2013:

Stefán Kalmansson, formaður, fulltrúar kennara voru Kári Joensen, Magnús Árni Magnússon og Maj Britt Hjördís Briem. Fulltrúar nemenda voru Hjörtur Ingi Hjartarson, Ívar Örn Þráinsson og Sigurður Grétarsson. Gæðastjóri var Signý Óskarsdóttir.

Fagráð

Fagráð háskólans er skipað aðstoðarrektror, sviðsstjórum, kennslustjóra, forstöðumanni Háskólagáttar og einum fulltrúa háskólanema en auk þess hefur ráðið einn starfsmann sem heldur fundargerðir og gengur frá afgreiðslu mála í samræmi við niðurstöður funda. Fagráð vinnur að akademískri stefnumótun og þróun skólans og gerir tillögur til háskólaráðs þar um. Fagráð ákveður jafnframt um innihald námsbrauta og einstakra námskeiða. Fagráð ber ábyrgð á því að kennarar og annað starfsfólk framfylgi reglum skólans og uppfylli þær faglegu kröfur sem gerðar eru innan hans. Fagráð tekur við erindum frá nemendum og kennurum er lúta að kennslu og annarri akademískri starfssemi skólans s.s. klögumálum og kvörtunum. Fagráð fundar vikulega allt árið.

Í fagráði sátu í byrjun árs 2013 Jón Ólafsson aðstoðarrektror, Auður H. Ingólfssdóttir sviðsstjóri félagsvísindasviðs, Þórdís Sif Sigurðardóttir sviðsstjóri lögfræðisviðs í afleysingum og Sigurbjörn Einarsson sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs. Maj Britt Hjördís Briem var starfsmaður ráðsins en fór í fæðingarorlof á árinu og sá aðstoðarrektror um ritun funda í fjarveru hennar. Signý Óskarsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu sat einnig fundi fagráðs. Í júlí tók Anna Elísabet Ólafsdóttir við af Jóni Ólafssyni sem aðstoðarrektror og tók setu í fagráði í staðinn fyrir Jón sem fór í rannsóknarleyfi. Í ágúst tók Sigurður Ragnarsson við sæti Sigurbjarnar Einarssonar og hóf þá jafnframt störf sem sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs. Í október kom Helga Kristín Auðunsdóttir úr fæðingarorlofi og tók sæti Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur í fagráði sem sviðsstjóri lögfræðisviðs. Þann 1. júlí 2013 tók Eyja Margrét Brynjarsdóttir sæti Auðar H. Ingólfssdóttur í fagráði, sem fór í leyfi til áramóta. Páll Rafnar Þorsteinsson tók svo við starfi sviðsstjóra félagsvísindasviðs um áramót 2013/2014. Í júní 2013 var Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir ráðin sem forstöðumaður Háskólagáttar og fékk setu og atkvæðisrétt í fagráði að undangenginni breytingu á reglugerð skólans. Fyrri hluta árs 2013 var Guðrún Lilja



Magnúsdóttir (HHS) fulltrúi nemenda í fagráði en Felix Rafn Felixson (viðskiptafræði) var varamaður hennar. Í september tók Felix Rafn Felixson við af Guðrúnu Lilju sem aðalmaður en Björn Líndal (viðskiptalögfræði) varð varamaður hans.

Kennslu- og rannsóknaráð

Í kennslu- og rannsóknaráði sitja auk aðstoðarrektors allir fastráðnir akademískir starfsmenn skólans. Einnig eiga fastir starfsmenn skólans, sem annast kennslu sem hluta starfs síns, aðild að ráðinu. Kennslu- og rannsóknaráði ber að funda a.m.k. fjórum sinnum á ári samkvæmt reglugerð skólans. Fyrri hluta ársins fundaði ráðið vikulega en frá miðju ári 2013 fundaði ráðið einu sinni í mánuði. Aðstoðarrector boðar til funda ráðsins og stýrir fundum. Kennslu- og rannsóknaráð tekur ekki ákvarðanir en fjallar um allar stefnumótandi ákvarðanir sem lúta að kennslu og rannsóknum áður en þær eru leiddar til lykta á öðrum vettvangi innan skólans. Árið 2013 vann ráðið m.a. að rannsóknastefnu sem samþykkt var af fagráði, framkvæmdastjórn, háskólaráði og stjórn skólans.

Umbótamiðað gæðastarf

Gæðastarf árið 2013 einkenndist aðallega af innleiðingu verklagsreglna til að nota við daglegt starf í skólanum. Mikil áhersla var lögð á endurskoðun á námsskrám einstakra námslína samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Unnið var að úrvinnslu gagna vegna innra mats fagsviða og túlkun á niðurstöðum. Nemendabókhaltskerfið var yfirfarið í tæknilegu tilliti sem og frá sjónarmiði gagnaöflunar með það fyrir augum geta tekið út lykiltölur háskóla samkvæmt þjónustusamningi Háskólans á Bifröst við mennta- og menningarmálaráðuneytið og til að þjóna sem best þörfum skólans í innra gæðastarfi.

Gæðakerfið

Gæðakerfi Háskólans á Bifröst er heildrænt kerfi verkþátta sem er ætlað að efla gæði náms og kennslu við háskólann með það að markmiði að bjóða nemendum, kennurum og starfsfólki upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum. Gæðakerfið felur í sér viðleitni til úrbóta og er stöðugt í endurskoðun og framþróun. Tilgangur gæðakerfisins er að tryggja eftirlit með gæðum náms, kennslu og rannsókna ásamt því að styðja við umbótamiðað gæðastarf innan skólans.

Eftirfarandi lykilþætti má finna í gæðakerfi skólans

- Kerfið fylgir alþjóðlegum og íslenskum viðmiðum ásamt lögum og reglum um eftirlit með gæðum í háskólum.
- Kerfið inniheldur samræmdar leiðir til þess að efla gæði náms, kennslu og rannsókna.
- Kerfið inniheldur mælingar og skráningu á gæðum náms, kennslu og rannsókna. Notast er við eigindlegar og megindlegar aðferðir við mælingar. Gæðakerfið á að ýta undir virka þátttöku nemenda, kennara, og annars starfsfólks skólans.
- Kerfið á að vera gagnsætt og umbótamiðað.

Gæði og viðmið

Mat á gæðum náms, kennslu og rannsókna felur meðal annars í sér þættina *Gæði og viðmið* (e. Quality and Standards).

Gæði náms tengjast því umhverfi sem nemandi starfar í á námstímanum og hefur áhrif á námsframvindu og frammistöðu í námi. Með gæðum náms í gæðakerfinu er átt við reynslu nemenda í námi við skólann (e. *Quality of Learning Experience*) frá því einstaklingur sækir um skólavist og allt þar til hann útskrifast úr skólanum. Þeir þættir sem m.a. skipta máli í þessu efni eru þróun námsskrár, gæði kennslu, stoðþjónusta, námsumhverfi og námsmat. Auk þessa skiptir stuðningur við rannsóknir og tengsl náms og rannsókna miklu máli varðandi gæði náms, sérstaklega á meistarástigi.

Gæðakerfið á að standa vörð um þau *viðmið* (e. *Standards*) sem sett eru fyrir hverja prófgráðu sem skólinn veitir og birtist í þeim verklagsreglum og ferlum sem snerta skilgreiningar á námsgráðum, gildistöku, eftirliti og mati á námskeiðum og mótun reglna um námsmat ásamt þróun leiða í árangursmati og samanburði (e. *benchmarking*).

Gæðaráð íslenskra háskóla

Árið 2011 tók til starfa Gæðaráð íslenskra háskóla, skipað sex erlendum sérfræðingum. Setti Gæðaráðið fram rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Icelandic Quality Enhancement Framework) og birti í sérstakri handbók. Kveður rammaáætlun á um að á fimm ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs á Íslandi. Felst matið annars vegar í innra sjálfsmati háskólanna á faglegri starfsemi sinni og hins vegar í ytra mati Gæðaráðs á háskólunum.

Samhliða Gæðaráðinu starfar ráðgjafarnefnd sem er skipuð fulltrúum háskólanna, stúdenta, Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytis og er tengiliður á milli ráðsins og skólanna. Auk þess að vera Gæðaráði til ráðgjafar um framkvæmd rammaáætlunarinnar er ráðgjafarnefndin samráðsvettvangur háskólanna og gengst fyrir málþingum og fræðslu um gæðamál. Af hálfu Háskólans á Bifröst sat Signý Óskarsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu í nefndinni á árinu 2013.

Mikið starf hefur verið unnið innan háskólanna við framkvæmd rammaáætlunar Gæðaráðsins. Ráðgert er að Gæðaráðið taki út Háskólann á Bifröst í mars 2015 og verði skólinn þannig hinn síðasti sem ráðið tekur út í yfirstandandi fimm ára lotu. Unnið er að innra mati stofnunar til undirbúnings á úttekt Gæðaráðsins samhliða því sem unnið er að sjálfsmati einstakra deilda skólans.

Nemendur

Á tímabilinu 1. janúar 2013 – 31. desember 2013 voru alls 1.580 nemendur skráðir í kennslukerfi Háskólans á Bifröst. Þessi fjöldi endurspeglar ekki almennan nemendafjölda þar sem um almanaksárið er að ræða en ekki skólaárið og innan þessa tímabils eru t.d. tveir árgangar í Frumgreinadeild (síðar Háskólagátt). Í ársskýrslu Háskólans á Bifröst 2012 kom fram að hreinsa þyrfti gögnin sem flutt voru á milli kennslukerfa árið 2011 og leiðréttu hugsanlegar mistalningar. Vinnan við þetta hélt áfram á árinu 2013, þeirri vinnu er ekki lokið en er komin á verkefnalista fyrir sumarið

2014. Áfram gildir sú athugasemd frá ársskýrslu 2012 að taka verður tillit til þess að ef nemendur breyta vali á námslínu þá teljast þeir vera hættir í einni línu en nýnemar í annarri. Á haustönn 2013 voru 1.372 nemendur skráðir í kennslukerfið og þar af 618 í námskeið innan annarinnar.


Heildarfjöldi nemenda 2013, aldur og kyn

Ekki er mikil breyting á samsetningu nemenda frá árinu 2012 þar sem enn eru flestir nemendur á viðskiptasviði. Konur eru nokkuð áberandi í meirihluta á öllum fagsviðum og sérstaklega í símenntuninni sem skýrist af námskeiðinu Máttur kvenna. Á lögfræðisviði er kynjahlutfallið jafnt. Meðalaldur nemenda við Háskólann á Bifröst er nokkuð jafn en þó sker símenntunin sig úr í þeim efnum eins og kynjahlutfallinu. Meðalaldur nemenda í símenntun eru 43 ár en nokkuð jafn á hinum sviðunum þar sem hann er að meðaltali 36 ár eða þremur árum lægri en á síðasta ári.


Fagsvið	Nemendur	Útskrifaðir 2013	Nýnemar og aftur í nám	Meðalaldur	KK	KVK	KK%	KVK%
Frumgreinasvið	271	26	169	33	109	162	40%	60%
Viðskiptasvið	573	75	147	35	223	350	39%	61%
Lögfræðisvið	230	37	41	35	115	115	50%	50%
Félagsvísindasvið	219	30	39	38	77	142	35%	65%
Símenntun	231	35	162	43	64	167	28%	72%
Ýmis námskeið	56	40	56	31	15	41	27%	73%
Samtals	1580	243	614	36	603	977	38%	62%



NEMENDUR EFTIR SVIÐUM




Heildarfjöldi nemenda 2013, aldur og kyn




Fjöldi nemenda eftir fagsviðum, útskrifaðir og nýnemar á hverju sviði

Háskólagátt	Nemendur	Útskrifaðir 2013	Nýnemar og aftur í nám	KK	KVK	KK%	KVK%
Fjarnám	190	11	120	65	125	34%	66%
Staðnám	81	15	49	44	37	54%	46%
Samtals	271	26	169	109	162	40%	60%
Viðskiptasvið							
Viðskiptasvið	Nemendur	Útskrifaðir 2013	Nýnemar og aftur í nám	KK	KVK	KK%	KVK%
Grunnnám	423	58	113	155	268	37%	63%
Meistaránám	150	17	34	68	82	45%	55%
Samtals	573	75	147	223	350	39%	61%
Lögfræðisvið							
Lögfræðisvið	Nemendur	Útskrifaðir 2013	Nýnemar og aftur í nám	KK	KVK	KK%	KVK%
Grunnnám	120	18	25	69	51	58%	43%
Meistaránám	110	19	16	46	64	42%	58%
Samtals	230	37	41	115	115	50%	50%
Félagsvísindasvið							
Félagsvísindasvið	Nemendur	Útskrifaðir 2013	Nýnemar og aftur í nám	KK	KVK	KK%	KVK%
Grunnnám	88	15	25	42	46	48%	52%
Meistaránám	131	15	14	35	96	27%	73%
Samtals	219	30	39	77	142	35%	65%
Símenntun							
Símenntun	Nemendur	Útskrifaðir 2013	Nýnemar og aftur í nám	KK	KVK	KK%	KVK%
Diplómanám í verslunarstjórnun	64	11	34	28	36	44%	56%
Máttur kvenna 1	68	24	64	0	68	0%	100%
Máttur kvenna 2	3	0	0	0	3	0%	100%
Sterkari stjórnarsýsla	48	0	20	15	33	31%	69%
Stjórnun og samvinna í ferðaþjónustu	30	0	26	11	19	37%	63%
Opið nám	15	0	15	4	11	27%	73%
Sumarskóli	1	0	1	0	1	0%	100%
Stærðfræðiundirbúningur fyrir frumgreinadeild	40	40	40	11	29	28%	73%
Önnur námskeið	18	0	18	10	8	56%	44%
Samtals	287	75	218	79	208	28%	72%


Nemendur eftir námsstigum 2013



Útskrifaðir nemendur eftir námsstigum



Fjöldi nemenda eftir landshlutum 2013



Viðskiptasvið

Starfið á viðskiptasviði einkenndist af þeim breytingum og sóknarhug sem ríkir við Háskólann á Bifröst. Mikil vinna fór í undirbúning á lotubundinni kennslu og samþættingu á stað- og fjarnámi sem hefst haustið 2014.

Ennfremur var lagður grunnur að nýrri áherslu í grunnnámi í matvælaekstrarfræði, þ.e. BS gráða í viðskiptum með áherslu á matvælaekstur. Sjö áfangar verða kenndir á því sviði en námið hefst haustið 2014. Á sama tíma hefst nýtt meistaranám sem nefnist *Forysta og stjórnun*, en fyrir er meistaranám í Alþjóðaviðskiptum. Nýja meistaranámið á að undirstrika áherslur og gildi skólans sem snúa meðal annars að því að undirbúa fólk fyrir ábyrg forystustörf í atvinnulífi og samfélagi. Til að styrkja stoðir forystu og stjórnunar í námi á Bifröst var gerður samningur við *Þekkingarsetur um Þjónandi forystu á Íslandi* en þjónandi forysta (e. servant leadership) gengur meðal annars út á ábyrga og siðferðilega forystu með hagsmuni alls samfélagsins að leiðarljósi. Einnig var komið á samstarfi í tengslum við *Norræna forystulíkanið*, (e. Nordic Leadership Model). Meginhugsunin í Norræna forystulíkaninu snýst um að draga fram helstu þætti í stjórnun fyrirtækja sem tryggja árangur þeirra til lengri tíma í hinu norræna velferðarsamfélagi.

Farið var af stað með nýja áfanga eins og Rekstraráætlanir 1 og 2, en í þeim er lögð áhersla á samvinnu við raunveruleg fyrirtæki og í vetur tóku alls 27 fyrirtæki þátt. Það skiptir miklu máli að vera í góðu sambandi við atvinnulíf og samfélag og eru þessir áfangar mikilvægur hluti af því.

Samskipti við erlenda háskóla var með ýmsu sniði og má þar nefna að nemendur fóru utan með kennurum til þátttöku í verkefnum eins og *Innomarathon*, sem er alþjóðlegt námskeið í nýsköpun, og *Sustainable Tourism*, en það verkefni er sérstaklega ætlað fyrir nemendur í BS námi með áherslu á ferðaþjónustu.

Akademískir starfsmenn sviðsins sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu og þ.á.m. verkefni er snéru að hagrænum áhrifum verslunar og hagrænum áhrifum bókaútgáfu, þar sem Ágúst Einarsson, prófessor, var í broddi fylkingar. Einar Svansson, lektor, hefur unnið að rannsóknum á opinni nýsköpun í ferðaþjónustu (e. Open innovation in tourism) auk þátttöku í rannsóknum á hugsanlegum áhrifum olíuvinnslu, (e. Megaprojects in East-Iceland, past experience and future prospects). Þá má einnig geta þess að Einar Svansson, lektor, og Stefán Kalmansson, aðjúnkt, eru með í gangi rannsóknir á stjórnun fiskveiða og sjálfbærni, en þeir voru með erindi á ráðstefnu í þjóðfélagsfræðum sem haldin var á Bifröst í maí á síðasta ári.

Lögfræðisvið

Starfið á lögfræðisviði fór fram með miklum ágætum á árinu 2013.

Í ágúst var tilkynnt um að Háskólinn á Bifröst myndi taka þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni sem nefnist Law Without Walls. Margir virtustu háskólar heims taka þátt í þessu alþjóðlega samstarfsverkefni. Þar má nefna lagadeildir Harvard, Stanford, New York University, Fordham, IE Business School, University College London, University of Sydney og Peking University. Verkefnið er skipulagt af lagadeild University of Miami. Verkefnið er metnaðarfullt samstarfsverkefni bestu lagadeilda í heimi. Markmið þess er að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga á atvinnumarkaði og umbylta þekktum aðferðum við lögfræðikennslu. Verkefnið miðar að því að laganemar fái víðari sýn á fræðin og nýti menntun sína í auknum mæli til nýsköpunar.

Lögfræðidagur Háskólans á Bifröst var haldinn 6. september á Bifröst. Þar komu saman núverandi og útskrifaðir nemendur úr viðskiptalögfræði ásamt kennurum á lögfræðisviði skólans. Dagskráin var

fjölbreytt þar sem fræðileg erindi voru í bland við hugarflugsfundi um námið og tengsl eftir útskrift. Þau sem héldu erindi voru m.a. Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður og dósent við Háskólann á Bifröst, Þorbjörg Inga Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður og stundakennari á Bifröst ásamt Runólfi Ágústssyni fyrrverandi rektor. Það sem kom helst fram á fundinum meðal þátttakenda var að viðskiptalögfræðin sem námsgrein hefur sannað sig á þeim 12 árum sem boðið hefur verið upp á það nám á Bifröst.

Sviðsstjóri Lögfræðisviðs, Helga Kristín Auðunsdóttir var í fæðingarorlofi hluta úr ári og leysti Þórdís Sif Sigurðardóttir hana af. Þórdísi eru þökkuð góð störf.



Félagsvísindasvið

Starf Félagsvísindasviðs árið 2013 markaðist að verulegu leyti af þeim miklu breytingum á kennslufyrirkomulagi sem framundan eru við Háskólann á Bifröst. Mikil vinna var lögð í undirbúning og skipulagningu á samþættingu stað- og fjarnáms í lotubundinni kennslu, sem tekin verður upp á haustmisseri 2014.

Nokkrar breytingar urðu á námsframboði félagsvísindasviðs á árinu. Ákveðið var að leggja niður námslínu í menningarfræðum á meistarastigi. Þess í stað verður lagður enn meiri metnaður í meistaranám í menningarstjórnun, sem notið hefur vinsælda og skilað brottskráðum nemendum árangri á vinnumarkaði. Námsbrautin er í stöðugri þróun og voru meðal annars lögð drög að því að bjóða upp á meistaranám í menningarstjórnun með sérstakri áherslu á menntastjórnun. Þá var unnið að mótnun nýrrar námsbrautar í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði (e. International Political Economy). Frá og með haustinu 2014 mun Háskólinn á Bifröst bjóða upp á meistaranám í þessu fagi, fyrstur íslenskra háskóla. Alþjóðleg stjórnmálahagfræði hefur verið vaxandi fræðagrein erlendis á umliðnum árum og er sérstakt tilhökkunarefni að ýta þessari nýju námsbraut úr vör.

Mannabreytingar áttu sér stað á árinu. Auður H. Ingólfssdóttir sviðsstjóri Félagsvísindasviðs var í rannsóknaleyfi síðari hluta árs og leysti Eyja Margrét Brynjarsdóttir hana af til áramóta, þegar Páll Rafnar Þorsteinsson tók við stöðu sviðsstjóra, en Auður snéri sér aftur að kennslu og rannsóknum fyrir Háskólann á Bifröst. Þeim Auði og Eyju Margréti eru þökkun góð störf og ánægjuleg samvinna.

Akademískir starfsmenn Félagsvísindasviðs unnu ötullega að rannsóknum á sínum sviðum. Hefur afraksturinn skilað sér í birtum greinum og útgefnum bókum hjá virtum forlögum heima og erlendis.

Háskólagátt

Árið 2013 var farið í endurskipulagningu á frumgreinanámi Háskólans á Bifröst og skólaárið 2013-2014 fór námið af stað undir nafninu Háskólagátt. Endurskipulagningin fólst fyrst og fremst í því að aðlaga námið að aðalnámsskrá framhaldsskólanna frá 2011 auk þess sem það var skipulagt með lög um framhaldsskóla 92/2008 að leiðarljósi. Endurskipulagningin var unnin í fullu samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Háskólagátt hefur það hlutverk að búa nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda og veitir alhliða undirbúning fyrir háskólanám. Námsframboð og kennsluaðferðir Háskólagáttar eru hins vegar mótaðar í ljósi gilda og stefnu Háskólans á Bifröst. Náminu er fyrst og fremst ætlað að búa nemendur undir háskólanám eða styrkja þá inn á atvinnumarkaðinn. Nemendur úskrifast með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi framhaldsskólastigsins og uppfyllir skilyrði aðalnámsskrár til stúdentsmenntunar á því þrepi.

Námið á að koma til móts við þarfir nemenda sem einhverra hluta vegna hafa ekki unað sér í hefðbundnu námsumhverfi framhaldsskólanna og hafa ekki klárað stúdentspróf en vilja undirbúa sig fyrir krefjandi háskólanám eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og frumkvæði nemenda auk færni nemenda í grunngreinum framhaldsskólans, íslensku, ensku og stærðfræði ásamt greinum sem miðast sérstaklega við þarfir þeirra sem hyggjast stunda háskólanám á sviði félags- og hugvísinda. Háskólagátt er bæði kennd í staðnámi og í fjarnámi með staðnámslotum.

Til að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 140 framhaldsskólaeiningum samkvæmt núgildandi einingarkerfi, sem jafngildir um það bil 80-90 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessa 140 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Námið tekur tvær annir, haustönn og vorönn og er lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Í grunnatriðum taka kennsluhættir mið að þeim aðferðum sem tíðkast í framhaldsskólum landsins ásamt þeirri þróun og nýsköpun sem þar fer fram. En í ljósi þess að Háskólagátt starfar sem hluti af háskólastofnun mótast starfsemi hennar ekki síður af áherslum háskólans og af því hlutverki hennar að veita nemendum markvissan undirbúning fyrir háskólanám.

Þannig er lögð áhersla á sjálfstæða, skapandi og gagnrýna hugsun, glímu við raunhæf verkefni og vinnu að lausn vandamála. Námið og reynslan sem því tengist stuðlar að agaðri hugsun og vinnulagi. Námsmatið byggir á stöðugri verkefnavinnu sem þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum auk þess sem hópastarf er mikilvægur þáttur námsins. Mikil áhersla er lögð á góða endurgjöf og

athugasemdir frá kennurum til nemenda í tengslum við verkefnavinnu sem nemendur eiga svo að geta nýtt sér til að bæta árangur sinn.

Símenntun

Símenntun Háskólans á Bifröst hefur um alllangt skeið boðið upp á fjölbreytt nám á ýmsum stigum með ólíkum leiðum. Allt nám í símenntun er kennt í fjarnámi með vinnulotum á Bifröst eða völdum stöðum þar sem nemendur vinna saman að verkefnum auk þess að efla tengsl og samvinnu sín á milli.

Diplómanám í verslunarstjórnun hefur allt frá árinu 2003 skipað mikilvægan sess í Símenntun Háskólans á Bifröst. Þaðan hafa útskrifast 150 nemendur sem margir hafa haldið áfram í frekara nám.

Námskeiðin Máttur kvenna I og II eru 11 vikna námskeið fyrir konur sem vilja bæta rekstrarþekkingu sína. Þetta nám hefur verið í boði frá árinu 2006 og á þeim tíma hafa yfir 700 konur, víðsvegar af landinu og úr ýmsum atvinnugreinum, lokið námi.

Frá hausti 2012 hefur verið boðið upp á námsbraut fyrir ferðaþjónustuaðila sem kallast Stjórnun og samvinna í ferðaþjónustu. Námið stendur yfir í níu vikur í fjarnámi með vinnulotum og luku 24 nemendur námi.

Á vorönn 2013 var boðið upp á fjarnám fyrir stjórnendur í sveitarfélögum, s.s. skóla- og leikskólastjóra, forstöðumenn stofnana og sviða. Þetta nám hefur hlotið nafnið Sterkari stjórnsýsla. Áhuginn á þessu námi hefur verið mikill en þar sem erfitt getur reynst að senda stóra hópa stjórnenda í nám á sama tíma hefur Háskólinn á Bifröst boðið upp á sérsniðið nám fyrir stjórnendur sveitarfélaga. Fyrst til að ríða á vaðið var Dalvíkurbyggð en stjórnendur þaðan tóku fyrir þrjú fög á árinu 2013. Í þessu námi eru haldnar vinnulotur á staðnum auk þess sem nemendur stunda fjarnám yfir netið. Sveitarfélögin Skagafjörður og Hornafjörður bættust svo í hóp þeirra sem stunda sérsniðið stjórnenda nám við Símenntun Háskólans á Bifröst, tuttugu stjórnendur frá hvorum stað.

Aukinn áhersla var lögð á sérsniðið nám fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu 2013 og voru fjölmörg námskeið haldin fyrir hina ýmsu aðila. Stærsta verkefnið á þeim vettvangi var Kaupmannskólinn fyrir Samkaup hf, sem hefur verið í gangi allt árið en þegar því verkefni líkur (vorið 2014) hafa verið haldin 12 námskeið fyrir bæði verslunarstjóra og lykilstarfsfólk Samkaupa.

Námsleiðir í símenntun árið 2013 voru eftirtaldar:

- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Máttur kvenna I
- Máttur kvenna II
- Sterkari stjórnsýsla
- Stjórnun og samvinna í ferðaþjónustu



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og fyrir Hollvinasamtök Bifrastar. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen.

Á árinu 2013 kom Rannsóknamiðstöð að fjölbreyttum verkefnum. Unnin voru þjónustuverkefni fyrir innlenda aðila, ýmist innan háskólans, úr nærsamfélagi hans og víðar að. Má þar meðal annars nefna vinnu vegna tilraunaverkefnis um menntun í norðvestur kjördæmi sem menntamálaráðuneytið setti af stað en umsjón verkefnisins var falin Háskólanum á Bifröst. Einnig var starf tengt gæðamálum og innra mati fagsviða skólans umfangsmikið en þar sá Rannsóknamiðstöð um framkvæmd kannana og öflun ýmissa frumgagna. Háskólinn gerðist jafnframt aðili að nýstofnuðu Félagi íslenskra rannsóknastjóra en stofnfundur þess var haldinn síðla árs 2012.

Meðal samstarfsverkefna við erlenda háskóla og stofnanir má nefna þróun samstarfs innan Nordplus áætlunarinnar og síðan samstarf við rúmenska og pólska háskóla og rannsóknastofnanir en það starf er styrkt af þróunarsjóði EFTA. Háskólinn á Bifröst var þannig aðili að fjórum umsóknum um rannsóknastyrki til áætlunar þróunarsjóðsins í Rúmeníu sem opnað var fyrir í lok árs 2013. Þessu til viðbótar hafa starfsmenn við Háskólann á Bifröst nú tekið virkari þátt en áður í verkefnum styrktum af COST-samstarfsvettvangnum.

Að venju tók Háskólinn á Bifröst þátt í Vísindavöku Rannís sem þetta árið fór fram í Háskólabíói. Meðal efnis sem kynnt var á þessum fjölsóttu viðburði var tímaritið Samtíð, rannsókn á áhrifum

gengisbreytinga á verðlag og einnig spurði Rannsóknasetur verslunarinnar gesti hver yrði jólagjöf ársins það árið.

Rannsóknasetur

Þrjú rannsóknasetur voru starfrækt á ólíkum sérsviðum, Rannsóknasetur verslunarinnar, Evrópufræðasetur og Rannsóknasetur í menningarfræðum.

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst var sett á fót 1. ágúst 2005 í samstarfi við heildarsamtök í íslensku atvinnulífi; Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir kennslu, rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið. Forstöðumaður Evrópufræðaseturs er dr. Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst en hann hefur gegnt stöðu forstöðumanns allt frá stofnun setursins árið 2005.

Forstöðumaður hefur um árabíl tekið þátt í ýmsum rannsóknum og verkefnum á sviðum Evrópufræða. Meðal verkefna síðasta árs má nefna, rannsóknarverkefnið Distance Voices, sem leitt var af Norska vísinda og tækniháskólanum (NTNU) í Þrándheimi. Bók með niðurstöðum verkefnisins var gefin út á árinu og ritaði forstöðumaður kafla um þau ólíku viðhorf til Evrópusambandsins sem birtast í umræðu á Íslandi. Af öðru má nefna verkefnið Imagined Recovery sem unnið er í samstarfi við fræðimenn frá Háskólanum í Liverpool og Háskólanum í Sussex og fjallar um eftirmála fjármálakreppunnar á Íslandi. Forstöðumaður vann að bók á vegum Palgrave Macmillan sem tengist þessu verkefni. Þá má nefna þátttöku í Cost-verkefninu International Law Between Constitutionalisation and Fragmentation: the role of law in the post-national constellation, sem rekið af Háskólanum í Amsterdam í samstarfi við fjölda evrópska háskóla. Forstöðumaður birti á árinu grein um Icesave-deiluna á ráðstefnu Cost í Weimar. Enn fremur má nefna þátttöku í stóru alþjóðlegu rannsóknarverkefni um lýðræði: Varieties of Democracy (V-Dem). Ýmis rannsóknarverkefni sem komin voru af stað héldu áfram, svo sem norræna rannsóknarverkefnið Postimperial Sovereignty Games sem rekið er frá Kaupmannahafnarháskóla. Forstöðumaður vann í tengslum við verkefnið að útgáfu ritrýndrar greinar í fræðiritinu Cooperation and Conflict. Á árinu lauk Erasmus-netverkefninu Menu for Justice sem leiddi saman rannsakendur á sviði Evrópuréttar. Unnið var að ýmsum smærri verkefnum, auk þátttöku í nokkrum fræðiumsóknum sem leiða munu til nýrra verkefna. Þá lagði fræðasetrið nokkuð til fjölmiðlaumræðu hér heima sem og í alþjóðlegum miðlum á borð við Wall Street Journal, Financial Times, Bloomberg og fleirum.

Rannsóknasetur í menningarfræðum

Við Rannsóknasetur í menningarfræðum er unnið að rannsóknum af ýmsum toga á sviði menningarmála, menningarstjórnunar og menningarhagfræði. Tilgangur setursins er að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Þá heldur setrið úti vefsvæði þar sem birtar eru vísindagreinar, upplýsingar um lefni tengt fræðasviði setursins, áhugaverðir tenglar um menningarmál og listi yfir lokaritgerðir í meistaranámi í menningarstjórnun. Upplýsingar á vefsetrinu eru uppfærðar reglulega.

Umsjónarmenn setursins eru Ágúst Einarsson prófessor og Njörður Sigurjónsson dósent og stunda þeir báðir rannsóknir tengdar setrinu, t.d. rannsóknir á menningarstefnu og stjórnun, rannsóknir á hagrænum áhrifum menningarstarfsemi og fleira. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á nám til MA gráðu í menningarstjórnun, og tengjast þar rannsóknir setursins oft með beinum hætti við nám nemenda.

Rannsóknasetur verslunarinnar

Rannsóknasetur verslunarinnar er miðstöð rannsókna og tölfraeðiúttekta fyrir verslun á Íslandi. Auk þess að stunda hagnýtar rannsóknir fyrir verslun birtir rannsóknasetrið mánaðarlega svokallaða smásöluvísitölu sem sýnir veltu smásöluverslunar í hverjum mánuði og gefur út aðrar tölfraeðiupplýsingar sem nýtast stjórnendum verslunarfyrtækja. Markmið rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun á Íslandi.

Almennt felst starfsemi Rannsóknaseturs verslunarinnar í því að fylgjast með þróun og breytingum sem varða verslun í landinu og koma á framfæri upplýsingum sem gagnast fyrirtækjum og almenningi.

Rannsóknasetur verslunarinnar var stofnað árið 2004 og var lengst af starfrækt innan Háskólans á Bifröst en þó með aðkomu fleiri hagsmunaaðila. Að því standa í dag, auk háskólans, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, SVP - Samtök verslunar og þjónustu, VR, Kaupmannasamtök Íslands og Bílgreinasambandið. Í byrjun árs 2014 var setrið gert að sérstakri sjálfseignarstofnun. Rannsóknasetrið aflar sértekna með rannsóknastyrkjum og tekna vegna verkefnavinnu fyrir einstök fyrirtæki, hagsmunasamtök og opinbera aðila. Forstöðumaður setursins er Emil B. Karlsson.

Á árinu 2013 voru unnin fjölbreytt verkefni, bæði reglubundin miðlun hagtalna, þjónustuverkefni fyrir verslunargeirann og rannsóknir í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og stofnanir. Meðal erlendra samstarfsverkefna má nefna verkefnið TG4NP sem snéri að því að nýta upplýsingatækni til að bæta upplifun ferðamanna á norðurslóðum. Verkefni þetta hófst árið 2009 en því lauk svo á árinu 2013. Á meðal nýrra verkefna er samstarfsverkefni sem nefnt hefur verið Retrain og snýr að eflingu starfsþjálfunar í verslunum. Verkefnið er unnið í samvinnu við austurríska og írsku samstarfsaðila og er fjármagnað af menntaáætlun ESB.

Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst

Samtök atvinnulífsins ákváðu að leggja myndarlegt framlag til rannsókna við Háskólann á Bifröst. Sérstök sjálfseignarstofnun, Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst var stofnuð utan um þessa starfsemi sem hófst formlega með undirritun samkomulags þann 27. september 2013. Fjögur rannsóknaverkefni hafa verið sett af stað, um skattsvik í ferðaþjónustu, nýtt kjarasamningalíkan, tengsl milli pólitísks stöðugleika og erlendra fjárfestinga og verkefnið Ísland 2060 sem fjallar um væntanlegar breytingar á íslensku samfélagi vegna breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar. Leitað er stuðnings víða að til að fjármagna rannsóknaverkefni en beinast fyrst og fremst að málefnum sem hafa þýðingu fyrir vöxt og viðgang atvinnulífsins. Á grunni nokkurra þeirra má jafnframt byggja akademískar fræðigreinar í viðurkenndum fræðiritum. Þessi starfsemi hefur mikla þýðingu fyrir Háskólann á Bifröst sem skapar fleiri tækifæri fyrir akademíska starfsmenn skólans.

Alþjóðasvið

Þó nokkrar breytingar hafa átt sér stað á alþjóðaskrifstofu háskólans á árinu en þrír starfsmenn hafa sinnt hlutverki alþjóðafulltrúa frá áramótum. Brynjar Þór Þorsteinsson byrjaði árið sem alþjóðafulltrúi en Magnús Smári Snorrason tók við af honum 1. mars. Karl Eiríksson hóf störf við skólann í september og tók við starfi alþjóðafulltrúa úr höndum Magnúsar.

Starfsemi alþjóðadeildar var með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Alþjóðafulltrúi sótti ráðstefnu EAIE (European Association for International Education) í Tyrklandi í september. Þessi ráðstefna er helsti vettvangur skólans til að byggja upp alþjóðleg tengsl, hitta fulltrúa annarra skóla og leggja drög að samningum.

Erlendir skiptinemar á vorönn voru tíu talsins, en einn stundaði nám á sumarönn. 20 komu til náms á haustönn. Skiptinemar eru sem fyrr flestir frá evrópskum samstarfsskólum, en skiptinimum frá Kóreu og Singapore hefur einnig farið fjölgandi.

Skiptinemar frá Bifröst sem stunduðu nám við samstarfsskóla voru einn á vorönn en 15 á haustönn. Skólinn er nú með samninga við 50 erlenda samstarfsskóla. Sex nýir samningar voru gerðir á árinu.

Á árinu fengu tveir kennarar við skólann Erasmus styrki til að vera um tíma við erlendan samstarfsskóla á skólaárinu 2013-2014. Þá hefur skólinn átt vaxandi samstarf við Laurea háskólann í Finnlandi um nýjungar í kennslufræði (Learning by Developing, LbD) og fóru tveir starfsmenn skólans í heimsókn til Laurea á vorönn til að kynna sér nýsköpun í kennslu. Þá voru lögð drög að samstarfssamningi við Kemi-Tornio háskóla um námskeið á sviði nýsköpunar. Bifröst er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni á vegum skólans um sameiginlega kennslu.



Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi er í sjálfu sér deild innan skólans. Þar fer fram skipulagning, samræming, áætlanagerð og fagleg umsjón. Náms- og starfsráðgjafi skólans skólaárið 2013/2014 var Toby Sigrún Herman og var hún í 60% starfi.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með og unnið úr þeim á sem farsælastan máta. Því er mikilvægt að þeir hafi tilskylda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu, en það er liður í því að tryggja að nemendur fái faglega ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstæðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá. Viðfangsefni þessara viðtala eru t.a.m. málaflokkar eins og einmanaleiki, kvíði, sorg, geðsveiflur, sjálfsvígshugleiðingar, heimilisvandi, ofbeldi, nauðganir, húsnaðisvandi og fátækt.

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

Námskeið

Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer aðallega fram í gegnum viðtöl en einnig í gegnum símaviðtöl, tölvupóst og námskeið. Árið 2013/2014 voru námskeið um skipulögð vinnubrögð, tímastjórnun og námstækni, námskeið um prófundirbúning, próftöku og það hvernig takast á við prófkvíða kennd á vefnum.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2012/2013 var fyrirkomulag viðtalstíma þannig að nemendur gátu pantað tíma fyrirfram eða komið við og fengið viðtal ef ráðgjafi var laus þá stundina. Viðtalstímar voru vel nýttir, en hámarksbið eftir fyrirframbókuðu viðtali var sjö dagar. Töluverður fjöldi fjarnema leitaði til ráðgjafa og fór sú ráðgjöf fram að mestu í gegnum tölvupóst og síma, í gegnum hefðbundna viðtalstíma á Bifröst og að Hverfisgötu 4-6. en aðstaðan þar hefur nýst mjög vel og sífellt fleiri nemendur koma í viðtal þangað. Algengt er að væntanlegir nemendur komi í viðtal á Hverfisgötuna.

Dreifing erinda

Óskilgreint	4
Annað	127
Áhugagreining	17
Námsframvinda	124
Námstækni/skipulag	52
Persónuleg mál	22
Sérúrræði	153
Starfsráðgjöf	17
Upplýsingar um nám	55

Samtals 571

Tölvuþjónusta

Hugbúnaður

Í janúar 2013 var lokið við innleiðingu á Office365 hugbúnaðarumhverfi fyrir bæði nemendur og starfsmenn. Með því sameinast nær allur samskiptahugbúnaður innan eins kerfis.

Samið var við Microsoft um fría dreifingu Microsoft Office hugbúnaðar til nemenda. Það gerir nemendum kleift að nálgast Microsoft hugbúnaðinn af notendasíðu sinni í Office365 fyrir bæði tölvur og snjalltæki. Þessi samningur tók gildi um áramótin 2013-2014.

Fyrir liggur mikil endurnýjun á fjarfundabúnaði og útbúnaði kennslurýma. Innleiðing þeirra breytinga hófst við lok árs 2013. Stefnt er að því að ljúka veigamiklum áfanga fyrir upphaf skólaárs 2014.

Prentþjónusta

Samið var við Nýherja um leigu á allri prentþjónustu nemenda og kennara (rent-a-prent). Þjónustan felur meðal annars í sér að notendur (nemendur og starfsfólk) þurfa að auðkenna sig við prentara til þess að sækja útprentun. Með þessu er stefnt að því að ná fram hagræðingu, auknu öryggi ásamt skilvirkni.

Netumhverfi

Hafist var handa við að skipta út elstu netskiptum fyrir íbúðir nemenda og starfsmanna en það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að setja upp þráðlausa senda á háskólasvæði. Jafnframt þeirri vinnu var byrjað á uppsetningu þráðlausra senda. Stefnt er að því að þessu verkefni ljúki innan þriggja ára.

Undir lok ársins var eldveggur netkerfisins endurnýjaður og gefur hann mikla möguleika varðandi stjórnun á netumferð ásamt möguleikum á aukinni á flutningsgetu vegna aukinnar netnotkunar við t.d. kennslu til nánustu framtíðar.

Kennslukerfi

Háskólinn notast við Myschool-Námsnet við utanumhald menntastarfsemi háskólans. Kerfið kemur víðtækt að starfsemi skólans, allt frá kennslu til stoðþjónustu. Helstu undirkerfi Myschool-Námsnet eru Umsóknarkerfi, Nemendabókhalld, Kennslukerfi, Ferilskráarkerfi og Endurmenntunarkerfi. Kerfið sem tekið var í notkun kennsluárið 2011-12 hefur verið í stöðugri þróun og aðlögun að þörfum skólans. Allar kerfiseiningar eru vistaðar og afritaðar á netþjónum háskólans. Stefnt er að uppfærslu á stýrikerfum viðkomandi vefþjóna fyrir árið 2014.

Við miðlun á margmiðlunarefni notar skólinn eMission hugbúnað frá Nepal hugbúnaði. Hugbúnaðurinn er aðlagður kennslukerfi og allir notendur saminnskráðir. Allt efni er geymt og afritað á netjónum Nepal hugbúnaðar.

Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru þeir sem hafa stundað nám við skólana og svo núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans.

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við uppbyggingu og efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans auk þess að veita stjórnendum skólans aðhald.

Hollvinasamtökin hafa yfir að ráða heimasíðu auk þess sem á facebook má finna virka síðu Hollvinasamtaka Bifrastar. Á facebook síðunni má sjá fréttir frá Bifröst, fréttir af bifrestingum og svo er fólk að senda inn fyrirspurnir og gefa ráð. Samvinnan er með öðrum orðum allsráðandi á milli bifrestinga inn á þessari síðu.

Hollvinasamtökin stóðu fyrir sumarhátíð á Bifröst 15. og 16. júní og tókst hún með miklum ágætum. Áformað er halda sambærilega hátíð aftur í sumar, dagana 21.-22. júní. Er þetta gert til að efla samkennd og tengsl á milli núverandi og útskrifaðra nemenda. Því vilja samtökin hvetja alla Bifrestinga til að taka frá helgina 21-22. júní, mæta á Bifröst og njóta samveru með eldri sem yngri Bifrestingum.

Það er trú Hollvinasamtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur og öllum Bifrestingum, bæði þeim sem stunda nám við skólann nú og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Það þarf líka að viðhalda tengslanetinu og það er gert best með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Í stjórn Hollvinasamtakanna sitja eftirtaldir einstaklingar:

Aðalmenn:

Leifur Runólfsson, formaður

Hörður Harðarson

Regína Sigurgeirsdóttir

Arnar Snær Pétursson

Sigrún Hermannsdóttir

Guðrún Erna Hafsteinsdóttir

Þórir Páll Guðjónsson

Varamenn:

Böðvar Sigurbjörnsson

Geirlaug Jóhannsdóttir



Bókasafn

Starfsmenn

Andrea Jóhannsdóttir, háskólabókavörður, Ásta G. Rögnvaldsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í 50% starfi og nemendur sem sinntu afgreiðslustörfum á kvöldin og um helgar.

Starfsemin

- Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í safninu. Núverandi húsnæði hefur reynst gott fyrir starfsemina.
- Afgreiðsla safnsins var opin virka daga frá kl. 10 - 17 og tvö kvöld í viku (áður 4 kvöld). Um helgar var lokað nema laugardaga þegar fjarnemar voru á staðnum.
- Þjónusta við fjarnema fer vaxandi enda fjölgar þeim hlutfallslega í nemendahópnum.
- Haldið var áfram þróun rafrænnar geymslu, www.skemman.is, fyrir lokaverkefni. Til viðbótar við lokaverkefni 2013 voru einnig skráð nokkur rit kennara og Tímarit um félagsmál. Til samans eigum við **683** rit í Skemmunni. Skemman er hirsla fyrir lokaverkefni allra háskóla á Íslandi.
- Hjá Landskerfi bókasafna var haldið áfram að þróa www.leitir.is en sú leitargátt kemur til viðbótar www.gegnir.is. Í www.leitir.is er hægt að leita samtímis í fleiri gagnasöfnum. Einnig er hægt að leita í Landsaðgangi um rafræn tímarit. Allt þetta auðveldar notendum að finna upplýsingar.

Ritakostur

Áfram var haldið að byggja upp ritakostinn og markvisst keypt inn rit fyrir nýrri svið skólans, lögfræðisvið og félagsvísindasvið til viðbótar við efni fyrir viðskiptasvið.

- Ný aðföng voru **773** eintök eða **566** titlar.

Safnið kaupir aðgang að rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn **Hvar.is** býður upp á.

- Nú er keyptur aðgangur að: *Jstor collection – Business og Art & Sciences, Karnov og Ugeskrift for Retsvæsen, Morgunblaðinu, OECD-gagnasöfnum og LovData.*
- Í lok desember 2013 var búið að skrá **18.514** eintök í Gegni.

Útlán

- Heildar útlán voru **3.311**.
- Í millisafnalánum voru fengin 105 rit að láni og útvegaðar 29 greinar/bókakaflar.
- Til annarra safna voru lánuð 90 rit og þrjár greinar/bókakaflar.

Samstarf og nefndarstörf

Starfsmenn safnsins tóku þátt í samstarfi bókasafna á Íslandi og erlendis.

- Háskólabókavörður var varamaður í stjórnarnefnd Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum til vors 2013.

- Einnig gegnir Háskólabókavörður setu í verkefnisstjórn Skemmunnar og tekur þátt í samstarfshópi háskólabókavörða en þeir hittust þrisvar á árinu.
- Fastir starfsmenn safnsins hafa tekið þátt í fleiri námskeiðum um notkun og þróun bókasafnskerfisins Gagnis og leitargáttarinnar Leitir.

Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2013 en þó ekki. Davíð Þorsteinn Olgeirsson markaðsstjóri veiktist alvarlega með þeim afleiðingum að hann varð óvinnufær. Við starfinu tók Brynjar Þór Þorsteinsson alþjóðafulltrúi ásamt því að Árni Sverrir Hafsteinnsson aðstoðaði hann í vefmálum. Davíð kom svo aftur til starfa þann 1. ágúst sem vefritstjóri skólans og Brynjar hélt áfram starfi sem markaðsstjóri.

Kynningarefni fyrir háskólann var unnið í samstarfi við sviðsstjóra en auglýsingastofan Jónsson & Le'macks sá um hönnun kynningarefnis.

Háskólinn á Bifröst tók þátt í árlegu samstarfi háskólanna sem kallast „Háskóladagurinn“ árið 2013 með sameiginlegri kynningu á skólanum og undirbúningi dagsins. Bifröst var með opið hús í Háskólabíói þennan dag og var tekið á móti fjölmörgum gestum. Í kjölfarið tók skólinn þátt í sameiginlegri kynningu háskólanna víðsvegar um landið.

Flestir framhaldsskólar á landinu voru heimsóttir og einnig var farið í heimsókn á nokkra vinnustaði víðs vegar um landið. Fjölmargir framhaldsskólanemar komu auk þess á Bifröst til að kynna sér nám og störf í skólanum. Nemendur voru virkir á þessum kynningum og var samstarf þeirra við markaðsdeild skólans ákaflega gott.

Einnig var haldinn viðburðurinn „Bifrestingur í einn dag“ þar sem fyrrverandi og núverandi Bifrestingar gátu boðið þeim sem höfðu áhuga á námi við skólann að koma og fá kynningu ásamt kvöldverði, skemmtun og gistingu. Viðburðurinn tókst vel og þekktust um 20 einstaklingar boðið.

Opinn dagur á Bifröst er árlegur viðburður og var haldinn þann 9.maí á Bifröst í blíðskaparveðri og sótti mikill fjöldi skólann heim og þóttist hann taka með eindæmum vel.

Lögð var áhersla á að styrkja enn frekar þá ímynd og útlit skólans sem byggð hafði verið upp árið á undan með áherslu á gæði námsins og persónulega þjónustu.

Auglýst var í prentmiðlum, vefmiðlum, útvarpi, skjáauglýsingum, og á *Facebook*. Mest var auglýst á tímabilinu apríl – júní. Birtingarhúsið Ratsjá hélt utan um birtingaráætlun í samstarfi við Háskólann á Bifröst og Jónsson & Le'macks.

Til að sinna almannatengslum var Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir ráðin sem verktaki að sinna ýmsum málum sem tengdust tilteknum viðburðum. Fréttabréf Háskólans á Bifröst leit dagsins ljós og kom út átta sinnum árið 2013 og var sent á alla Hollvini skólans ásamt núverandi nemendum auk annarra aðila.



Nemendafélag

Stjórn nemendafélagsins tók til starfa í febrúar 2013 en hana skipuðu:

Formaður: Þórdís Halla Guðmundsdóttir

Varaformaður: Hans Friðrik Hilaríus Guðmundsson

Gjaldkeri: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir

Upplýsinga- og kynningarfulltrúi: Helga Margrét Friðriksdóttir

Meðstjórnandi: Arndís Sigurðardóttir, síðar Stella Sif Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Hlynur Freyr Viggósson

Fulltrúar nýnema: Halldís Sævarsdóttir, síðar Selma Smáradóttir

Fulltrúi fjarnema: Thelma Kristín Kvaran, síðar Guðjón Freyr

Starfsárið hófst í febrúar eftir flotta árshátíð nemendafélagsins sem haldin var á Hótel Borgarnesi. Gettu Bifröst og Pubquiz voru fastir liðir eins og venjulega og félagsvísindasvið fór með sigúr af hólmi í Gettu Bifröst. Nemendafélagið sá um þá árlegu viðburði sem hefð hefur skapast fyrir að halda s.s. sápubolta, kubbmót, haustfagnað, leðjubolta í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Biftóberfest, Halloween og Bifróvisjón. Sjéntilmannaklúbburinn á Bifröst stóð fyrir Sumarhátíð Bifrastar með stuðningi nemendafélagsins.

Árlegum styrkjum úr félagsmálasjóði var dreift til félaga/klúbba innan skólans. Styrkjunum var bæði dreift á vorönn og haustönn. Virk félög/klúbbar árið 2013 voru Nomos, Merkúr, Verus, Sjéntilmannaklúbburinn, konuklúbburinn Andrómedur, ljósmyndafélagið, fótboltafélagið og

stjornuskoðunarfélagið. Nýtt félag var stofnað, Alfa fyrir háskólagáttina ásamt því að Feministafélag var stofnað í desember.

Fjármál og rekstur

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2013 námu 788,2 milljónum kr. (m.kr.). Samningsgreiðslur frá ríki námu 365,1 m.kr. en aðrar tekjur 423,1 m.kr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig er framlag til rannsókna. Framlög frá ríki byggja á samningi milli skólans og ríkisins sem var gerður í upphafi árs 2012. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta skólagjöld eða 248 m.kr. Helstu tekjur aðrar eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjurvegna húsnæðis, rekstur kaffihúss og þjónustu við nemendagarða.

Rekstrargjöld skólans á árinu 2013 námu 736,4 m.kr. að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengdur kostnaður nam 511,2 m.kr. eða um 70% af rekstrargjöldum. Meðalfjöldi starfsmanna var 72 í 55 stöðugildum en auk þess kom fjöldi stundakennara að kennslu líkt og áður. Húsnæðiskostnaður nam 62,4 m.kr., rekstur tölvukerfa 27 m.kr., skrifstofu og kennslukostnaður 22 m.kr., kynningarmál 39,8 m.kr. og annar kostnaður 74 m.kr. Afskriftir voru 21,5 m.kr. og fjármagnsgjöld 29,9 m.kr. Hagnaður ársins var því 0,5 m.kr. en árið 2012 var tap sem nam 22,9 m.kr. Langtímaskuldir Háskólans á Bifröst voru 302,9 m.kr. í lok árs 2013 og skammtímaskuldir 143,0 m.kr.

Eigið fé Háskólans á Bifröst nam 82,4 m.kr. í lok ársins 2013.



Ársreikningur 2013

<i>Allar tölur í milljónum króna</i>				
Rekstrarreikningur	2013	2012	2011	2010
Rekstrartekjur	788,1	713,0	737,0	769,9
Rekstrargjöld	738,0	678,0	690,0	804,0
Rekstrarafgangur	50,1	46,8	35,0	34,0
Afskriftir	19,7	20,0	20,5	21,0
Fjármagnsliðir	29,9	37,9	43,5	-22,0
Hagnaður fyrir óreglulega liði	0,5	-22,9	-17,1	-78,0
Óreglulegar tekjur				1,0
Rekstrarniðurstaða	0,5	-22,9	-17,1	-79,0
Efnahagsreikningur	2013	2012	2011	2010
Fastafjármunir	392,4	402,0	416,0	424,0
Veltufjármunir	136,0	101,0	100,0	82,0
Eignir samtals	528,3	503,0	516,0	506,0
Eigið fé	82,4	72,0	84,0	66,0
Langtímaskuldir	311,4	313,0	330,0	278,0
Skammtímaskuldir	134,6	118,0	102,0	161,0
Skuldir og eigið fé samtals	528,3	503,0	516,0	506,0





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

